



Fuglalíf í Spákonufellshöfða sumarið
2010- áfangaskýrsla fyrir Wild North
verkefnið

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

NNV-2010-006
Desember 2010



NÁTTÚRUSTOFA Norðurlands vestra

Lykilsíða

Skýrslunúmer:	Dagsetning:	Dreifing:		
NNV-2010-006	01.12.2010	-X- Opin ---Lokuð til -----		
Heiti skýrslu:		Upplag: 10 Fjöldi síðna: 14		
Höfundur / höfundar:	Pórdís Vilhelmína Bragadóttir	Verkefnisstjóri / verkefnisstjórar: Pórdís Vilhelmína Bragadóttir		
Gerð skýrslu / verkstig:	Áfangaskýrsla	Verknúmer:		
Unnið fyrir:	Sveitarfélagið Skagaströnd			
Samvinnuaðilar:				
Ágrip				
Ferðamönum sem sækja í náttúrutengda ferðapjónustu fer fjölgandi um allan heim sem leiðir til aukins álags fyrir þær dýrategundir sem er að finna á vinsælum ferðamannasvæðum. Wild North verkefnið er samstarfsverkefni ferðapjónustuaðila og rannsóknastofnana í fjórum löndum þar sem áhrif ferðamanna á dýralíf eru rannsökuð. Í Spákonufellshöfða við Skagaströnd fara fram athuganir á áhrifum gangandi fólks á fuglalíf svæðisins.				
Athuganir fóru fram 19. og 26. maí, 2., 15. og 28. júní, 27. júlí og 18. ágúst 2010. Varpstaðir fugla voru kortlagðir og dreifing fugla um svæðið könnuð. Atferli fugla var skráð niður og út frá því var hægt að meta hvort um varpfugla eða gesti á svæðinu væri að ræða.				
Alls sáust 33 tegundir fugla og var varp staðfest hjá 8. Á athugunarsvæðinu fundust 11 hreiður æðarfugls. Fyll verpti á fjórum svæðum í norðurhluta höfðans og sáust 11 ungar síðsumars. Varp var einnig staðfest hjá 4 tjaldapörum, 2 þúfutittlingspörum, 1 hrafnspari og 1 steinddepilspari. Skógarþróstur sýndi jafnframt varplega hegðun í Skógarlundinum en ekki reyndist unnt að ákvarða fjölda varppara.				
Æðarfugli fækkaði milli ára og dreifing hans breyttist. Girðing, sem sett var upp við Reiðingsflöt til að hlífa varpinu, kemur til með að þurfa lengri tíma til að sanna sig, en áhrif truflana koma alljafna ekki fram fyrr en í fyrsta lagi ári eftir að truflun á sér stað.				
Lykilord:	Spákonufellshöfði, fuglalíf, Skagaströnd, Wild north	ISBN-númer:		
Undirskrift verkefnisstjóra:	Yfirfarið af: Helgi Páll Jónsson Þorsteinn Sæmundsson			

Inngangur

Ferðamönum sem sækjast eftir því að komast í námunda við náttúruna á ferðalögum sínum fer fjölgandi. Ásókn þeirra í viðkomustaði sem bjóða upp á náttúrutengda ferðaþjónustu er því að aukast. Hvaða áhrif ferðamenn hafa á lífríki þeirra svæða sem þeir heimsækja er ekki þekkt til fulls en misjafnt er eftir tegundum hversu vel þær þola áreiti mannsins áður en einhvað fer að láta undan. Full þörf er því á að rannsaka hvaða áhrif ferðamenn hafa á dýralíf á vinsælum ferðamannasvæðum.


Wild north verkefnið er samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila og vísindamanna í fjórum löndum, Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og Noregi. Markmið verkefnisins er að stuðla að sjálfbærri þróun náttúrutengdrar ferðaþjónustu og tryggja með því undirstöður greinarinnar, afkomu þeirra sem í henni vinna og varðveita náttúruauðlindir til lengri tíma. Rannsóknir fara fram á fjórum hópum lífvera fuglum, hvöllum, refum og selum á stöðum þar sem náttúrutengd ferðaþjónusta fer fram á.

Í Spákonufellshöfða á Skagaströnd fara fram athuganir á áhrifum gangandi fólks á fuglalíf svæðisins. Sveitarfélagið Skagaströnd hefur látið stika gönguleiðir um Spákonufells-höfðann og markaðssett hann sem áhugavert svæði til útvistar og fuglaskoðunar. Í kjölfarið er umferð fólks um svæðið farin að aukast með tilheyrandi truflunum fyrir fuglalíf svæðisins

Markmiðið með athugunum í Spákonufellshöfða er að reyna að varpa ljósi á hvaða áhrif umferð fólks um svæðið hefur á fuglalífið. Athuganir hófust vorið 2009 og var áætlað að þær stæðu yfir í þrjú ár og lyki sumarið 2011. Náttúrustofa Norðurlands vestra ber ábyrgð á athugunum á fuglalífi en sveitarfélagið Skagaströnd kannar umferð fólks um svæðið. Í skýrslu þessari eru birtar niðurstöður athugana fyrir sumarið 2010. Víða er vitnað í skýrslu sem gefin var út um athuganir fyrir svæðið sumarið 2009 og er heimilda ekki alltaf getið.

Athugunarsvæðið

Spákonufellshöfði var friðaður sem fólkvangur þann 11. ágúst 1980. Fólkvanginum tilheyra jafnframt sker úti fyrir ströndinni og í eitt þeirra Sauðsker er hægt að komast þurrum fótum á fjöru (mynd 1). Náttúrfari höfðans og athugunarsvæðinu hefur áður verið lýst í skýrslu sem fjallaði um athuganir á svæðinu sumarið 2009 og er ekki talin þörf á að endurtaka þá lýsingu.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af Spákonufellshöfða. Loftmynd og Íslandskort eru fengin af vef Landmælinga Íslands.

Aðferðir

Svæðið var heimsótt 7 sinnum yfir athugunartímann, 19. og 26. maí, 2., 15. og 28. júní, 27. júlí og 18. ágúst. Varpstaðir fugla voru kortlagðir og dreifing fugla um svæðið könnuð. Fjölgangi athugunardögum milli ára en annars urðu ekki miklar breytingar á aðferðum þeim sem beitt var sumarið 2009 nema hvað hreiðurleit fór fram frá 19. maí til 15. júní en fór aðeins fram á tveimur dögum árið 2009.

Æðarfugl

Fjöldi varpfugla var kannaður með hreiðurleit á Reiðingsflöt og Sauðskeri þegar svæðið var heimsótt í maí og júní. GPS punktur var tekin við öll hreiður og eggjafjöldi skráður. Fjöldi fugla á sjó var metin alla athugunardagana og kynjahlutfall kannað. Jafnframt voru kollur með unga taldar.

Fýll

Hefð er fyrir því að nota talningareininguna einstaklingur eða par á setri þegar fjöldi fýls er metin í fuglabjörgum. Kemur þar til að fylshreiður geta leynt á sér en þau eru oft í skjóli, í skútum eða grunnum holum, og því erfitt að sjá hvort fuglar liggi á eggjum. Hreiðurstæði voru því kortlögð með myndatöku þann 26. maí til þess að auðvelda mat á ungaframleiðslu í ágúst þegar ungar voru taldir. Kortlagning hreiðurstæða gagnast jafnframt til að skoða hvort breyting verður á nýtingu setra á næstu árum.

Mófuglar

Útbreiðsla mófugla var könnuð með sniðkortun þann 2. júní 2010. Fara athuganirnar þannig fram að gengið er þvert yfir höfðann með 100 metra millibili. Allir þeir fuglar sem sáust voru skráðir, atferli lýst og þeir merktir inn á loftmynd. Aðaláherslan var lögð á mófugla en aðrar tegundir voru jafnframt skráðar niður samhliða, merktar inn á loftmynd og atferli þeirra lýst.

Aðrir fuglar

Til að kanna dreifingu fuglana um svæðið þá daga sem athuganir fóru fram voru allir fuglar sem sáust skráðir niður og atferli þeirra lýst. Var það gert til að meta hvort um varpfugla eða gesti væri að ræða. Voru þetta jafnt fuglar sem sáust innan athugunarsvæðisins, á flugi yfir svæðinu og á sundi úti fyrir ströndinni.

Niðurstöður og umræður

Sumarið 2010 sáust 33 tegundir fugla innan athugunarsvæðisins og í næsta nágrenni, þar af voru 5 sem höfðu ekki sést áður. Alls hafa því sést 44 tegundir á svæðinu (viðauki 1). Hluti tegundanna telst til vetrargesta eða hafa eingöngu sést á flugi yfir svæðinu.

Varp var staðfest hjá 8 tegundum fugla. Hreiður fundust hjá grágæs, æðarfugli og hrafni, ungar í hreiðri fundust hjá fyl. Hjá tjaldi fundust bæði eggí í hreiðri og ungi. Skógarþröstur sýndi varpatferli. Jafnframt sýndu steindepill og þúfutittlingur varpatferli og sáust með æti. Til viðbótar sáust fleygir ungar hjá sílamáfi en þeir fuglar voru taldir gestir innan svæðisins en ekki varpfuglar.

Aðrar tegundir sem líklegt var að verptu innan svæðisins en ekki tókst að sýna fram á voru hrossagaukur og rjúpa. Hrossagaukur sýndi varplega hegðun við jaðar svæðisins. Talið er að um 1-2 pör hafi verið um að ræða og þau hafi verpt rétt utan marka svæðisins. Rjúpnarpar hélt til á svæðinu í nokkrar vikur í maí og júní en í júlí fannst kvenfuglinn dauður í jaðri svæðisins.

Æðarfugl

Alls fundust 11 æðarfuglshreiður í Spákonufellshöfða, af þeim voru 3 á Reiðingsflöt og 4 í Sauðskeri (mynd 2). Restin af hreiðrunum dreifðist um höfðann (mynd 2). Meðalfjöldi eggja í hreiðrum sem fundust voru 3,7 egg sem er sá sami og sumarið 2009.

Samkvæmt heimamönnum hafa hátt í 30-40 æðarfuglshreiður verið við Reiðingsflöt og í Sauðskeri undanfarin ár en sumarið 2009 voru þau 19. Hreiðrum hefur því farið fækkandi á athugunarsvæðinu undanfarinn ár. Í áfangaskýrslu fyrir árið 2009 var mælt með því að Reiðingsflöt og Sauðsker yrðu girt af til hlífa fuglunum við ónæði gangandi manna og er þetta fyrsta sumarið sem svæðið var girt af.



Mynd 2: Staðsetning æðarfuglshreiðra í Spákonufellshöfða sumarið

2010. Loftmynd fengin af vef Landmælinga Íslands.


Kría

Engin ummerki fundust um varp krú í Spákonufellshöfða sumarið 2010 en það sama átti við sumarið 2009. Samkvæmt heimamönnum þá verpti hún áður á Reiðingsflót en einu fuglarnir sem sjást núorðið í höfðanum eru fuglar sem fljúga yfir. Nokkrar kríur sáust með æti á flugi yfir svæðinu og stefndu í norðurátt, sem bendir til þess að þær verpi í nágrenninu.

Fýll

Í klettum höfðans sáust 4 fýlsvörp (mynd 3) með 61 setrum sem virtust vera í notkun þann 26. maí. Síðumars reyndust vera ungar í 11 þeirra (tafla 1). Sumarið 2009 reyndust vera 8 ungar í setrum á svæðum A, B og C en ekki var talið á svæði D það árið. Varp hefur misfarist á svæði C þetta árið en í fyrra voru 2 ungar á því svæði. Ungum fækkaði um einn á svæði B en fjöldaði um þrjá á svæði A. Í heildina var fjöldi unga fyrir þessi þrjú svæði sá sami milli ára.

Ef fjöldi setra er skoðaður á einstökum svæðum er nokkur munur milli svæða. Kemur þar til að aðstæður í klettunum eru misjafnar. Nýliðar í varpi eiga einnig til að sitja á áberandi stöðum í björgum á vorin og getur það hafa haft einhver áhrif á fjölda setra sem virtust vera í notkun. Hlutfall nýliða er þó ekki talið hátt.



Mynd 3: Staðsetning fýlsvarpa í norðanverðum Spákonufellshöfða sumarið 2010.

Loftmynd fengin af vef Landmælinga Íslands.

Tafla 1: Fjöldi setra sem virtust vera í notkun á einstökum svæðum þann 26. maí 2010 í Spákonufellshöfða og fjöldi unga á sömu svæðum í ágúst.

Svæði	Fjöldi setra	Fjöldi unga
A	10	5
B	14	3
C	11	0
D	26	3
Alls	61	11

Mófuglar

Varp var staðfest hjá 4 tjaldapörum og tveimur þúfutittlingspörum (mynd 4). Hjá tjaldi fundust 2 hreiður með 3 eggjum hvort. Hjá þriðja parinu fannst 1 ungi fyrir tilviljun en parið hafði sýnt greinilega óðalshegðun. Fjórða parið sýndi greinilega óðalshegðun en þrátt fyrir mikla leit fundust hvorki hreiður né ungar.

Tvö pör þúfutittlinga sýndu greinilega óðalshegðun. Stakur fugl sást á flugi, á öðru óðalinu, með æti þegar svæðið var heimsótt í júlí.



Mynd 4: Staðsetning hreiðra/óðala hjá varpfuglum í Spákonufellshöfða sumarið 2010.

Hreiðurstaðir æðarfugls og fýls eru sýndir á myndum 2 og 3

Aðrar varptegundir

Varp var staðfest hjá 4 öðrum tegundum (mynd 4) en þeim sem fjallað hefur verið um. Hrafnslaupur fannst í klettabelti á norðanverðu svæðinu. Var hann á sömu slóðum og laupurinn sem fannst sumarið 2009 nema hvað hann hafði verið færður um ~2 metra svo hann sást ekki eins vel frá gönguleiðinni. Engir ungar sáust, en í lok maí sáust 2 fýlar í laupnum sem bendir til þess að varp hafi misfarist.

Aðrir varpfuglar voru grágæs, steindepill og skógarþröstur. Hreiður grágæsar fannst í Sauðskeri og voru 3 egg í hreiðrinu. Steindepill sýndi óðalshegðun í klettum í austurhluta svæðisins og sást síðar á flugi með æti. Skógarþrestir sýndu varplega hegðun í kringum skógarlundinn en ekki var reynt að áætla fjölda varppara.

Aðrir líklegir varpfuglar voru hrossagaukur og rjúpa. Hrossagaukur sýndi varplega hegðun við jaðar svæðisins en ekki tókst að ákvarða miðju óðals hans innan svæðisins. Rjúpnarpar var á sveimi um svæðið í maí og byrjun júní. Ekki tókst að staðfesta varp hjá þeim en hræ af kvenfugli fannst innan svæðisins í júlí. Ekki reyndist unnt að ákvarða dánarorsök en einhver tími var liðin frá því fuglinn drapst.

Lokaorð

Vorið 2010 var Reiðingsflót og Sauðsker girt af til að hlífa æðarfugli sem þar verpir. Er mælt með því að lokuninni verði áframhaldið, en áhrif girðingarinnar ættu ekki að koma í ljós fyrr en á næstu árum. Þekkt er að æðarfuglar sem verða fyrir truflunum færi sig um set árið eftir. Getur tekið nokkurn tíma að ná aftur þeim fjölda æðarkolla sem verpti áður á svæðinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sömu fuglarnir komi ár eftir ár í sama varpið og er því um heilmikla „blóðtöku“ að ræða þegar stór hluti gamalla varpfugla flytur sig um set, líklegast vegna truflana. Þar sem um er að ræða varp sem ekki er nýtt þá eru hreiðurfuglarnir ekki handgengnir mönnum og þola fuglarnir því illa umferð ókunnugs fólks, enda óttast öll villt dýr manninn. Þau hreiður sem fundust utan hefðbundins varpsvæðis fuglanna voru jafnframt í tilfellum nokkuð frá göngustígum.

Aðrar lífverur sem geta valdið miklum skaða í æðarvörpum eru minkar, refir, kettir og hundar. Ekki er vitað til þess að refir og minkar séu mikið á ferðinni um höfðann. Öðru máli gegnir um ketti og hunda. Vegna nábýlis við Skagaströnd er alltaf hætt á að kettir leiti í höfðann og því er ekki hægt að stjórna. Lausaganga hunda er aftur á móti bönnuð innan sveitarfélagsins svo ekki er mikil hætta á því að þeir séu að þvælast um svæðið eftirlitslausir. Hafa ber þó í huga að þótt hundur sé í bandi og fari um með friði, þá er æðarfuglinum

eðlislægt að óttast þessi dýr. Geta þeir því valdið miklu tjóni í varpinu bara með nærveru sinni með tilheyrandi truflunum fyrir kollur sem liggja á.

Ekki er lagt til að umferð hunda um svæðið sé algerlega bönnuð enda um vinsælt útvistarsvæði að ræða og stærsti hluti fuglana verpir á svæði sem nú þegar er búið að loka af yfir varptímann. Frekar er lagt til að hundaeigendur séu beðnir um að hafa varan á sér yfir varptímann á ferð sinni um höfðann ef þeir skildu verða varir við æðarfugla/hreiður utan lokaðs svæðis og forðast að koma nær þeim með hundana.

Viðauki 1

*Tegundir sem sáust ekki þegar athuganir fóru fram sumarið 2010 en sáust við athuganir sumarið 2009 eða vitað er til að hafi sést á svæðinu áður og eru taldar upp í bæklingi um svæðið sem sveitarfélagið Skagaströnd gaf út árið 2008.

Lómur*

Stakur fugl á sundi úti fyrir ströndinni norðan við Spákonufellshöfða sumarið 2009. Nokkur pör verpa á tjörnum á Skagaheiðinni.

Himbrimi*

Stakur fugl á sundi milli hafnarinnar og Höfðatár sumarið 2009. Á Skagaheiði er þétt himbrimavarp.

Fýll

Algengur varpfugl á svæðinu. Verptu á fjórum stöðum í höfðanum norðanverðum. Stakir fuglar sáust á flugi meðfram norður og vesturströndinni alla athugunardagana. Flesta athugunardagana sáust jafnframt fuglar á sundi úti fyrir ströndinni.

Dílaskarfur

Algengur vetrargestur í Spákonufellshöfða. Sást fjórum sinnum yfir athugunartímabilið (19. maí, 2. júní, 27. júlí og 18. ágúst). Í hvert skipti sáust 2-3 fugla og voru þeir annaðhvort á flugi með ströndinni eða sátu á skerjum útifyrir ströndinni eða í Arnarstapa. Í flestum tilfellum var um ungfugla að ræða.

Grágæs

Hreiður með 4 eggjum fannst í Sauðskeri þann 19. maí en viku seinna var fjöldi eggja komin niður í 3. Yfir þann tíma sem grágæsin sást á svæðinu 19. maí til 2. júní sáust 1-2 fullorðnir fuglar á svæðinu í kringum Sauðsker. Að auki sáust 6 fuglar á flugi yfir svæðinu þann 19. maí.

Helsingi

Prír hópar, 8-16 fugla hver, flugu yfir svæðið í norðurátt þann 19. maí.

Stokkond

Par sást á sundi við norðurströnd höfðans þann 15. júní. Vetrargestur við ströndina.

Æðarfugl

Algengur varpfugl á svæðinu. Megin varpsvæði fuglana er á Reiðingsflöt og Sauðskeri. Hluti hreiðranna fannst einnig dreifður um aðra hluta höfðans. Fuglar sáust á sundi við ströndina alla athugunardagana. Dvelur einnig við strandlengjuna yfir vetrartímann.

Straumönd

Þann 19. maí sáust 2 pör og stakur karlfugl í skeri vestan Sauðskers. Þann 26. maí sáust 3 steggir á sömu slóðum.

Hávella*

Algengur vetrargestur.

Toppönd

Þann 15. júní sáust 3 toppandakollur á sundi norðan höfðans. Stök kolla flaug með ströndinni í suðurátt þann 27. júlí. Sést reglulega yfir vetrartímann við ströndina.

Fálki*

Hefur sést einstaka sinnum.

Rjúpa

Á tímabilinu frá 19. maí til 2. júní hélt par til í suðurhluta höfðans. Stakur kvenfugl sást einnig í tvö skipti. Hræ kvenfugls fannst auk þess á göngustígnum skammt frá Leynidal þann 27. júlí.

Tjaldur

Algengur varpfugl innan svæðisins en varp var staðfest hjá fjórum pörum. Stakir fuglar og pör sáust einnig oft á ferðinni utan óðala. Sáust þeir á svæðinu alla athugunardagana fyrir utan 18. ágúst. Í fjörunni norðvestan við höfðann sáust oft fuglar í fæðuleit. Líklegt er að þar hafi verið um varpfugla úr höfðanum að ræða ásamt fuglum sem verptu í nágrenninu.

Sandlöa

Stakir fuglar sáust við fæðuöflun eða á flugi yfir höfðanum 19. og 26. maí. Aðra daga fyrir utan 28. júní sáust fuglar við fæðuöflun í fjörunni norðvestan við höfðan og túnum í nágrenninu.

Heiðlöa

Tvær heiðlour sáust um miðbik höfðans þann 19. maí. Á tímabilinu 26. maí til 15. júní sáust jafnframt heiðlour á vappi á Skagastrandartúnum.

Rauðbrystingur

Sést á fartíma í Spákonufellshöfða og í nágrenni hans, er frekar algengur. Þann 26. maí sáust um 50 fuglar við fæðuöflun í fjörunni við Höfðatá.

Sanderla*

Sést á fartíma í Spákonufellshöfða og í nágrenni hans. Er frekar sjaldgæf á svæðinu.

Sendlingur

Þann 19. maí sáust 3 sendlingar við Höfðatá í hóp með tildrum.

Lóuþræll*

Sjást oft á fartíma í fjörum við höfðann og í næsta nágrenni.

Hrossagaukur

Áætlað er að um 1-2 pör hafi haldið til við austurmörk athugunarsvæðisins. Sýndu þeir greinilegt varpatferli en út frá atferli fuglana er talið að hreiður þeirra hafi verið rétt utan marka athugunarsvæðisins. Sáust fuglarnir á tímabilinu frá 19. maí til 28. júní.

Jaðrakan

Þann 15. júní og 27. júlí sást nokkuð af jaðrakan í fjörunni norðvestan við höfðann. Stakur fugl flaug yfir höfðann í suðurátt þann 28. júní.

Spói

Par sást í suðurhluta höfðans þann 2. júní. Sýndu fuglarnir ekki varpatferli. Sama átti við um stakan fugl sem sást á svæðinu 26. maí. Þann 26. maí sáust fuglar við fæðuöflun í fjörunni norðvestan við höfðann.

Stelkur

Sást alla athugunardagana nema 19. maí, 15. og 28. júní. Þeir fuglar sem sáust voru flestir við strandlengjuna við fæðuleit eða á flugi yfir svæðinu. Þeir fuglar sem sáust í júlí og ágúst voru allir í fjörunni norðvestan við höfðann

Tildra

Algengur gestur á fartíma í Spákonufellshöfða og nágrenni. Nokkrir fuglar sáust í klettafjörum og skerjum í maí. Í ágúst flaug einn fugl yfir svæðið.

Óðinshani

Þrjú pör sáust í Vækilvík og sundinu milli Reiðingsflatar og Sauðskers á tímabilinu 19. maí til 2. júní. Þann 28. júní sáust tveir fuglar á sama svæði.

Kjói*

Stakur fugl af dökka afbrigðinu sást sumarið 2009. Engir fuglar sáust í ár.

Hettumáfur

Stakur fugl flaug yfir norðurhluta svæðisins þann 26. maí. Sama dag sást annar fugl standandi á stein í fjörunni Við Höfðatá.

Stormmáfur*

Níu fuglar flugu yfir svæðið í júní sumarið 2009.

Sílamáfur

Algengir í Spákonufellshöfða, sáust alla athugunardaga á flugi yfir svæðinu og við ströndina. Fleygir ungfuglar sáust með fullorðnu fuglunum þann 18. Ágúst. Stór hluti þeirra sást í fjörunni norðvestan við höfðann, en einn ungi var á ferð um höfðann með fullorðnum fugli.

Silfurmáfur

Þann 2. júní sást stakur fugl á flugi yfir svæðinu.

Bjartmáfur*

Hefur sést á svæðinu yfir vetrarmánuðina. Eru algengir vetrargestir hér við land.

Hvítmáfur*

Stakur fugl sást sumarið 2009 á í fjörunni norðan við höfðann.

Svartbakur

Þegar svæðið var heimsótt dagana 19. og 26. maí og 2. júní sáust 1-3 fuglar hvern dag á flugi yfir svæðinu.

Rita

Stakur fugl flaug yfir svæðið þann 19. maí.

Kríá

Sáust reglulega yfir allan athugunartímann þó þær hafi ekki sést 18. ágúst enda fuglarnir byrjaðir að yfirgefa landið á þeim tíma. Voru þær á flugi yfir svæðinu og sáust stöku fuglar með æti. Ekki var um mikinn fjölda að ræða.

Teista

Stakur fugl sást á sundi þann 19. maí sunnan Sauðskers. Þann 28. júní sáust tveir fuglar á sundi skammt frá landi vestan Arnarstapa.

Lundi

Stakur fugl sást á sundi þann 27. júlí sunnan Sauðskers.

Þúfutittlingur

Algengur varpfugl á svæðinu og er dreifður yfir svæðið. Sáust yfir allan athugunartímann. Að minnsta kosti 2 varppör voru í höfðanum þetta árið.

Maríuerla

Stakir fuglar sáust 19. og 26. maí og 28. júní. Voru á flögri um svæðið en ekki er vitað til þess að þær verpi á svæðinu.

Steindepill

Talið er að minnsta kosti eitt par hafi verpt á svæðinu. Æstur karlfugl flögraði um miðbik höfðans 19. og 26. maí og 2. júní. Þann 28. júní sást karlfuglinn með æti.

Skógarþrostur

Sáust yfir allt athugunartímabilið nema 28. júní. Verpa í skógarlundinum við rætur höfðans.

Hrafn

Verpir í norðurhluta höfðans. Par á flugi sást þann 19. maí. Engir ungar sáust en talið er að varp hafi misfarist. Stakur fugl sást þann 18. ágúst á flugi yfir höfðann.

Starri*

Hefur sést á svæðinu yfir vetrarmánuðina en ekki er vitað til þess að hann verpi þar.

Snjótittlingur*

Stakur karlfugl sást á svæðinu sumarið 2009 og var talin verpa þar.

Náttúrustofa Norðurlands vestra

Aðalgata 2 Pósthólf 112 550 Sauðárkróki Sími 453 7999 Fax 453 7998
Netfang naturustofa@krokur.is Heimasíða <http://www.krokur.is/~nstofa>